

Framkvæmdaráðsfundur DKG haldinn að Kerhólum á 7. hæð, Borgartúni 12-14

14. september 2019 kl. 10:15-16:00

Mættar eru: Stjórn landssambandsins: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, forseti, Jónína Hauksdóttir Betadeild, varaforseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, ritari, Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, 2. varaforseti, Theodóra Þorsteinsdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild, gjaldkeri. Jóna Benediktsdóttir lotadeild, fyrrverandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Frá deildum: Katrín Fjóra Guðmundsdóttir Mýdeild, Sigríður Magnúsdóttir Betadeild, Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir Epsilondeild, Jónína Eiríksdóttir Deltadeild, Kristín Jóhannesdóttir Alfadeild, María Pálmadóttir Gammadeild, Guðrún Ásgeirsdóttir Zetadeild, Björg Kristjánsdóttir Etadeild, Gerður Pétursdóttir Betadeild, Steinunn Guðmundsdóttir lotadeild, Hulda Anna Arnljótsdóttir Kappadeild, Birna Sigurjónsdóttir Lambdadeild, Þuríður Þorlákssdóttir Nýdeild.

Frá nefndum: Ingileif Ástvaldsdóttir Mýdeild, Eydís Katla Guðmundsdóttir Epsilondeild, Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild.

Aðrir gestir: Auður Torfadóttir Etadeild, lögsögumaður og Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild, Evrópuforseti

Forseti setur fund, Jónína kveikir á kertum, Guðrún Edda les markmið samtakanna, Aníta les fundargerð síðasta fundar og Jóna flytur orð til umhugsunar.

Ný stjórn landssambands DKG kynnir sig sem og formenn deilda og hafa að leiðarljósi að fram komi af hverju þær eru í DKG og hvernig DKG skiptir máli. Formenn nefnda og aðrir gestir fundarins kynna sig.

1. Erindi um miðlalæsi.

Elva Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar ræðir um miðlalæsi. Í máli hennar kemur fram að miðlalæsi er sennilega ein stærsta áskorun 21. aldarinnar. Miðlalæsi er færni í að nálgast efni og upplýsingar í margs konar miðlum og getu til að búa til og miðla efni á fjölbreyttan og ábyrgan hátt. Áhrif fjölmiðla eru mikil, við notum t.d. ólíka miðla í allt að 10-20 klst. á dag. Fjölmiðlar eru einnig skoðanamyndandi, mál eru sett á dagskrá til þess að hafa áhrif. Notkun

samfélagsmiðla, t.d. Instagram og Snapchat er gríðarleg meðal yngra fólks. Flestir aldurshópar eru á Facebook. Máttur auglýsinga og markaðssetning er mikil á samfélagsmiðlum og hefur mikil áhrif. Söfnun persónuupplýsinga er gríðarlega mikil, afrit eru tekin af skilaboðum, gmail, og listi yfir tengslanet einstaklinga. Google og Facebook eru búin að flokka upplýsingar um einstaklinga í 52.000 flokka.

Upplýsingum er safnað í gegnum allskonar leiki, like og persónuleikapróf. Falsfréttir hafa verið töluvert til umfjöllunar, þáttur skólakerfisins er mikilvægur í því að efla miðlalæsi, Finnar eru komnir langt í þeim efnum. Þróun í gervigreindarforritum er gríðarleg, fréttir eru t.d. skrifaðar af þessum forritum. Efla þarf alla í samfélaginu til þess að greina og nota tæknina á uppbyggjandi og gagnrýnan hátt. Það á ekki bara við um í kennslu barna og unglinga, þetta þarf einnig að komast inn í símenntun og fullorðinsfræðslu. Gera þarf opinbera stefnumótun í þessum efnum, ásamt mörgu öðru málefnum til framdráttar.

Að loknu erindinu voru fyrirspurnir og umræður.

2. Kynning á skipun í innlendar nefndir og tillaga að gjaldkera, vefstjóra og lögsögumann.

IEG segir frá skipun í innlendar nefndir og kynnir tengiliði frá stjórn við nefndirnar.

Engar athugasemdir voru gerðir við skipun í nefndir.

Tillaga að gjaldkera, vefstjóra og lögsögumanni var borin upp og var samþykkt með lófaklappi.

3. DKG Strategic Plan 2015-2025.

IEG kynnir DKG Strategic Plan sem stjórn Alþjóðasamtakanna hefur gert til 10 ára.

Síðar á fundinum verður tekin afstaða til þess hvort gera eigi slíka áætlun fyrir DKG á Íslandi. Umræður sköpuðust vegna málsins.

4. Drög að framkvæmdaáætlun lögð fram.

IEG kynnir framkvæmdaáætlun 2019-2021. Hún vekur athygli á leiðarljósi

framkvæmdaráðs – Verum vakandi og virkar. Hún bendir á nýmæli í

framkvæmdaáætluninni, t.d. hvatningu til samstarfs um fundi, opna fundi og bjóða gestum utan samtakanna sem lið í því að fjölga félagskonum.

5. Umræður um hvernig við getum eft DKG á Íslandi.

GEB stýrir umræðum um hvernig við getum eft starf DKG á Íslandi, einnig hvernig við getum gert samtökin sýnileg, áhugaverð og virk í umræðunni í þjóðfélaginu. Eftir hópavinnu kynna hóparnir eina áhugaverða hugmynd eftir umræðurnar. Margar góðar hugmyndir kynntar.

6. Breytingar á framkvæmdaáætlun á grundvelli umræðna. Framkvæmdaáætlun lögð fram til samþykktar.

IEG leggur fram framkvæmdaáætlun og óskar eftir athugasemdum. Tillaga kom fram um að kanna möguleika á að samtökin standi sameiginlega fyrir fjáröflun til styrktar mennta- og fræðslumálum, til dæmis í þriðja heiminum. Tillagan var borin upp til samþykktar og hún samþykkt. Framkvæmdaáætlun lögð fram til samþykktar. Hún samþykkt.

7. Fjárhagsáætlun lögð fram til umræðu og samþykktar.

JV gjaldkeri leggur fram rekstaráætlun 1.3.2019-31.6.2020 og greinir frá einstaka liðum í áætluninni. Áætlunin borin fram til samþykktar og hún samþykkt. Jensína kemur fram skilaboðum til gjaldkera og leggur áherslu á að allir gjaldkera fari inn á heimasíðu alþjóðasamtakanna og haki þar við hverja og eina konu sem búin er að greiða félagsgjöld til að forðast að félagskonur fái ítrekunarbréf um vangoldin félagsgjöld. Félagsgjöld á að greiða í júní, skv. nýjum reglum. Umræða um fyrirkomulag skráninga þegar félagskonur flytjast á milli deilda eða hætta deildum.

8. Vorþing – tillaga að tíma- og staðsetningu lögð fram.

IEG greinir frá tillögu stjórnar um að vorþingið verði haldið 9. maí 2020 á Vesturlandi í samstarfi við Deltadeild. TP kynnir tilboð sem hún fékk frá Hótel B59 í gistingu og aðstöðu fyrir þingið. Tillaga að dagsetningu og staðsetningu borin upp til samþykktar og hún samþykkt.

9. Önnur mál.

Fyrirspurn um leiðtogafræðslu og framkvæmd hennar á síðasta tímabili.

Fyrirspurn um Evrópuþing og hvort hægt er að sækja um styrki til samtakanna til þess að sækja þing. Það er hægt að fá styrk frá samtökunum ef félagskonur eru með erindi eða vinnustofur, annars sækja konur styrki í sín stéttarfélög.

Fleira ekki rætt, IEG slítur fundi og býður fundarkonum að þiggja veitingar.

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir